Umsjón: **Kjartan Gunnar Kjartansson**

Stórafmæli

95 ára
Ingibjörg Kristjánsdóttir,
Bræðraborgarstíg 52, Reykjavík.

90 ára
Margrét Guðleifsdóttir,
Faxabraut 13, Keflavík.

80 ára


Gunnar Jónsson,
sjómaður og skipstjóri, Vallartúni 5, Keflavík, varð áttræður í gær. Eiginkona hans er Hrefna María Sigurðardóttir. Þau dvelja þessa dagana hjá dóttur sinni í Bandaríkjunum.
Kjartan Auðunsson,
Hraunbæ 34, Reykjavík.

75 ára
Kristín Katarínusdóttir,
Sigtúni 33, Reykjavík.

70 ára
Fjóla Edilonsdóttir,
Skúlagötu 3, Stykkishólmi.
Hreiðar Guðjónsson,
Efstalandi 2, Reykjavík.
Tryggvi Gestsson,
Réttarholti 3, Selfossi.


60 ára
Bergmann Þorleifsson,
Vesturgötu 159, Akranesi.
Jón Matthíasson,
Dalsgerði 4c, Akureyri.
Jónas Jónasson,
Skólavörðustíg 46, Reykjavík.
María Snorradóttir,
Ásvegi 6, Dalvík.
Valgerður Hjaltested,
Nesvegi 103, Seltjarnarnesi.
Örn Kristinsson,
Strandgötu 69c, Eskifirði.

50 ára
Haraldur Már Ingólfsson,
Dverghömrum 44, Reykjavík.
Jóhann Pétur Jónsson,
Birtingakvísl 60, Reykjavík.
Kristján R. Kristjánsson,
Vesturbergi 96, Reykjavík.
María Fanney Kristjánsdóttir,
Flögu, Egilsstöðum.
Páll Hjálmarsson,
Hjallalundi 17g, Akureyri.
Somkhuan Suasoongnoen,
Stekkjarflöt 2, Garðabæ.
Ævar Rafn Þórisson,
Heiðarvegi 32, Vestmannaeyjum.

40 ára
Anna Birna Almarsdóttir,
Reynimel 68, Reykjavík.
Einar Páll Indriðason,
Sunnuflöt 2, Garðabæ.
Hafdís Pálsdóttir,
Vanabyggð 2h, Akureyri.
Hekla Birgisdóttir,
Skúlabraut 35, Blönduósi.
Helga Hauksdóttir,
Grundarstíg 20, Sauðárkróki.
Hilmar Jónsson,
Fífulind 13, Kópavogi.
Ingi Einar Erlingsson,
Laufbrekku 2, Kópavogi.
Ingibjörg Reynisdóttir,
Mánagötu 21, Grindavík.
Jón Randver Guðmundsson,
Álfhólsvegi 60, Kópavogi.
Jón Þór Hauksson,
Langholtsvegi 99, Reykjavík.
Kristín Karól. Kristjánsdóttir,
Logafold 20, Reykjavík.
Margrét Hauksdóttir,
Borgarvegi 13, Njarðvík.
Ólafía Sigurpálsdóttir,
Norðurgötu 52, Sandgerði.
Solveig Sigurðardóttir,
Flókagötu 27, Reykjavík.
Þorvaldur Ingvarsson,
Fannafold 174, Reykjavík.
Þórgunnur Sigurjónsdóttir,
Framnesvegi 65, Reykjavík.
Þuríður Guðrún Aradóttir,
Lindasmára 9, Kópavogi.

Fólk í fréttum

Erró



Erró (Guðmundur Guðmundsson) myndlistarmaður, búsettur í París í Frakklandi, hélt á dögunum sýningu í París á nýjum verkum sínum. Margar myndir sýningarinnar voru saman settar úr brotum úr ýmsum myndasögum Walt Disney, og vakti sýningin verulega athygli í frönskum fjölmiðlum.

Starfsferill

Erró fæddist í Ólafsvík og ólst upp hjá móður sinni, fyrst í Reykjavík til þriggja ára aldurs en síðan á Kirkjubæjarklaustri þar sem móðir hans giftist Siggeiri Lárussyni, bónda þar.

Erró fór til náms í Reykjavík og stundaði þá jafnframt teikninám í kvöldskóla en innritaðist síðan í teiknikennaradeild Handíða- og myndlistaskólans. Hann var við myndlistarnám í Listaháskólanum í Ósló 1951–54 og starfaði síðan í Flórens um skeið. Þá stundaði hann nám í gerð mósaíkmynda í Ravena í tvö ár og vann síðan við mósaíkmyndir í nokkur ár. Erró dvaldi í Ísrael í átta mánuði árið 1957 en flutti næsta ár til Parísar þar sem hann kynntist flestum fremstu listamönnum súrrealistahreyfingarinnar. Hann hóf 1958 að vinna samklippimyndir samhliða málverkinu en eftir kynni sín af bandarísku popp-stefnunni 1962 hóf hann að nota samklippurnar í málverk sín og notaði þá myndvarpa í síauknum mæli.

Á sjöunda áratugnum skrifaði hann undir tímabundinn samning við Gallery Schwartz í Mílanó og tók þá þátt í sýningum víðs vegar um Evrópu en starfaði aðallega með galleríinu Saint Germain.

Erró er óhemju afkastamikill listamaður en hann hefur unnið markvisst að því að þróa sína eigin sérstæðu myndgerð. Með hverju árinu hafa verk hans orðið eftirsóttari og sjálfur er hann í hópi virtustu myndlistarmanna álfunnar. Erró færði Reykjavíkurborg að gjöf nær tvö þúsund listaverk eftir sjálfan sig árið 1989. Hann hefur dvalið víða um heim, m.a. í Taílandi, París og á Formentera.

Fjölskylda

Kona Errós var ísraelsk, Myriam Bat-Josep, en þau slitu samvistum. Dóttir þeirra er Tura, læknir í París, gift Leon Milo tónskáldi.

Hálfsystkini Errós, sammæðra: Lárus Siggeirsson, bóndi á Kirkjubæjarklaustri; Kristinn Siggeirsson, bóndi á Hörgslandi; Gyða Sigríður Siggeirsdóttir, húsmóðir á Seltjarnarnesi.

Hálfsystkini Errós, samfeðra: Einar, leirkerasmiður í Reykjavík; Ingvi, vélvirki í Reykjavík; Auður, húsmóðir í Reykjavík; Ari Trausti, jarðfræðingur og rithöfundur í Reykjavík; Egill, arkitekt í Reykjavík.

Foreldrar Errós voru Guðmundur Einarsson frá Miðdal, f. 5.8. 1895, d. 23.5. 1963, myndhöggvari og málari í Reykjavík, og Soffía Kristinsdóttir, f. 16.6. 1902, d. 1.2. 1969, húsmóðir að Kirkjubæjarklaustri.

Ætt

Guðmundur var bróðir Sigríðar, móður Bjarna Guðnasonar prófessors og Bergs lögfræðings, föður Guðna knattspyrnumanns. Guðmundur var sonur Einars, b. í Miðdal, bróður Eiríks, móðurafa Vigdísar Finnbogadóttur. Einar var sonur Guðmundar, b. og hreppstjóra í Miðdal, Einarssonar, b. á Álfstöðum á Skeiðum, bróður Guðmundar, b. í Miðdal, föður Jóns, hreppstjóra á Setbergi, ættföður Setbergsættar. Bróðir Jóns var Sigurður, afi Ottós N. Þorlákssonar, fyrsta forseta ASÍ. Jón var faðir Ingveldar, langömmu Páls Jenssonar prófessors og Gunnars Kvaran listfræðings. Önnur dóttir Jóns var Sigríður, langamma Harðar Sigurgestssonar, forstjóra Eimskips. Þriðja dóttir Jóns var Sigurbjörg, amma Alfreðs Guðmundssonar, fyrrv. forstöðumanns Kjarvalsstað,a og Guðmundar Björnssonar, prófessors og augnlæknis.

Einar var sonur Gísla, b. á Álfsstöðum, bróður Ingveldar, móður Ófeigs ríka á Fjalli, langafa Grétars Fells, forseta Guðspekifélagsins.

Soffía, móðir Errós, var dóttir Kristins, b. í Miðengi, Guðmundssonar, b. í Miðengi, Jónssonar, b. á Selfossi, Einarssonar, b. á Selfossi, Þorleifssonar á Selfossi, Valdasonar, b. á Fljótshólum, Eiríkssonar.

Móðir Soffíu var Sigríður Bjarnadóttir, b. á Arnarbæli í Grímsnesi, Ögmundssonar, b. á Oddgeirshólum í Flóa, bróður Guðrúnar, móður Salvarar, langömmu Björns Th. Björnssonar listfræðings. Ögmundur var sonur Þorkels, b. á Heiðarbæ í Þingvallasveit, Loftssonar og Salvarar Ögmundsdóttur, b. á Hrafnkelsstöðum, Jónssonar, b. þar, Jónssonar, b. á Stóra-Núpi, Magnússonar, b. í Bræðratungu. Móðir Jóns var Þórdís Jónsdóttir (Snæfríður Íslandssól). Móðir Bjarna í Arnarbæli var Sigríður Bjarnadóttir, b. í Hjálmholti, Stefánssonar, b. í Árbæ í Holtum, Bjarnasonar, b. á Víkingslæk, Halldórssonar, ættföður Víkingslækjarættar. Móðir Sigríðar í Miðengi var Sigríður Stefánsdóttir, pr. á Felli í Mýrdal, Stefánssonar, pr. á Stóra-Núpi, Þorteinssonar, pr. á Krossi í Landeyjum, Stefánssonar. Móðir Stefáns á Felli var Guðný, systir Ástríðar, langömmu Þorláks O. Johnsen kaupmanns, langafa Einars Laxness, fyrrv. framkvæmdastjóra Menningarsjóðs. Guðný var dóttir Þorláks, lrm. að Móum á Kjalarnesi, Gestssonar.

Áttræður

Garðar Reimarsson

verkamaður á Djúpavogi

Garðar Reimarsson fiskvinnslumaður, Brekku 12, Djúpavogi, er áttræður í dag.

Starfsferill

Garðar fæddist að Eyjólfsstöðum í Fossárdal en ólst upp í Víðinesi í sama dal.

Garðar bjó með foreldrum sínum og systkinum í Víðinesi til 24 ára aldurs en flutti þá ásamt foreldrum sínum að Núpi. Þar bjuggu þau og stunduðu búskap í þrjú ár en fluttu síðan að Kelduskógum á Berufjarðarströnd.

Þaðan flutti fjölskyldan að Brekku 12 á Djúpavogi 1979 þar sem Garðar býr enn.

Garðar sinnti búskap í Víðinesi, að Núpi og að Kelduskógum. Á Djúpavogi vann hann mest í fiski við frystihúsið og vann í sláturhúsinu á Djúpavogi á haustin auk þess sem hann starfaði þar áður meðan hann bjó í Kelduskógum.

Þá sá hann um að taka á móti skipum við höfnina á Djúpavogi um árabil.

Fjölskylda

Garðar átti sextán systkini. Systkinin eru: Aðalsteinn, f. 8.5. 1923, býr að Kelduskógum á Berufjarðarströnd; Magnús Gunnlaugur, f. 24.7. 1925, trésmiður sem býr á Djúpavogi; María, f. 11.8. 1926, d. 1988, var húsmóðir á Stöðvarfirði en maður hennar var Elís Sveinbjörnsson; Árný Björg, f. 26.10. 1927, húsmóðir, nú til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði; Ingólfur, f. 18.8. 1929, býr á Kleif í Breiðdal en kona hans er Ingunn Gunnlaugsdóttir; Hjalti, f. 1.11. 1930, nú látinn, bjó í Hveragerði; Ingimundur, f. 19.7. 1931, nú látinn, sjómaður, bjó á Selfossi en kona hans var Steinunn; Hólmfríður, f. 21.1. 1933, lengst af húsfreyja á Ásunnarstöðum í Breiðdal en býr nú á Egilsstöðum, var gift Jóhanni Péturssyni sem er látinn; Margrét, f. 19.5. 1934, nú látin, var húsmóðir í Hafnarfirði en maður hennar var Ólafur Halldórsson; Sigríður, f. 8.12. 1935, húsfreyja í Ásgarði í Breiðdal, var gift Ásgeir Péturssyni sem er látinn; Guðbjörg, f. 14.2. 1937, húsmóðir á Stöðvarfirði; Sigurbjörg, f. 13.5. 1938, býr í Reykjavík; Gestur, f. 28.6. 1940, bóndi á Skjöldólfsstöðum í Breiðdal, en kona hans er Borghildur Hjartardóttir; Jóna, f. 15.6. 1941, nú látin, var búsett í Reykjavík; Vilborg, f. 10.8. 1942, húsmóðir á Akureyri; Reynir, f. 31.1. 1944, lausamaður sem býr á Breiðdalsvík.

Faðir Garðars var Reimar Magnússon, f. 13.9. 1894, d. 22.6. 1982, lengst af bóndi. Móðir Garðars var Stefanía Jónsdóttir, f. 16.4. 1900, nú látin, lengst af húsmóðir.

Andlát

Jón Elliði Þorsteinsson, Hringbraut 48, Keflavík, andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstud. 2.5.
Jóhannes Garðar Jóhannesson harmonikuleikari, Sogavegi 182, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum Landakoti mánud. 5.5.
Stefán Bryngeir Einarsson, Keilusíðu 12c, Akureyri, er látinn.
Aðalsteinn Birgir Ingólfsson, til heimilis á Kristnibraut 37, lést á Spáni föstud. 25.4.
Indriði Guðmundsson Munaðarnesi, Árneshreppi, lést á sjúkrahúsinu á Hólmavík mánud. 5.5.
Walters Rivers lést í Kaliforníu þriðjud. 22.4. Jarðarförin fór fram mánud. 28.4. í Bellflower í Kaliforníu.

Merkir Íslendingar

Þórarinn Guðnason



Gísli Þórarinn Guðnason læknir fæddist í Gerðum í Vestur-Landeyjum 8. maí 1914. Hann var sonur Guðna Gíslasonar, bónda í Gerðum og á Krossi, og k.h., Helgu Maríu Þorbergsdóttur húsfreyju þar.

Þórarinn lauk stúdentsprófi frá MR 1934, lauk embættisrprófi í læknisfræði við HÍ 1940, öðlaðist almennt lækningaleyfi 1941, stundaði framhaldsnám í skurðlækningum í Bretlandi á stríðsárunum, við British Postgraduate Medical School í Lundúnum, Hammersmith Hospital, við Manchester Royal Infirmary, á Brompton Hospital, Horton Hospital í Epsom, Queens og Mary's Hospital í Roehampton. Hann var læknir á Siglufirði 1945–46, starfaði á sjúkrahúsum í Bandaríkjunum og í Kanada 1947–48 og var læknir í Reykjavík frá 1949, á handlækningadeild Landspítalans, skurðlæknir á Sjúkrahúsi Hvítabandsins 1951–68, á Sjúkrahúsinu Sólheimum 1954–68, og sérfræðingur á skurðdeild Borgarspítalans 1968–86.

Þórarinn var varaborgarfulltrúi 1958–62, sat í stjórn Læknafélags Reykjavíkur, í stjórn Skurðlæknafélags Íslands og formaður þess, var formaður Læknaráðs Borgarspítalans og stjórnar Nesstofu, og sat í stjórn Kammermúsíkklúbbsins. Þórarinn lést 17. febrúar 1995.

Jarðarfarir

Hildur María Björnsdóttir, Vesturbergi 100, Reykjavík, lést á Landspítalanum Hringbraut föstud. 2.5. Kveðjuathöfn fer fram frá Laugarneskirkju föstud. 9.5. kl. 13.30. Útförin fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju mánud. 12.5. kl. 14.00.
Útför **Kjartans Friðbjarnarsonar,** kaupsýslumanns frá Siglufirði, fer fram frá Fossvogskirkju 8.5. kl. 15.00.
Haraldur Lúðvíksson vélfræðingur, Álfheimum 25, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtud. 8.5. kl. 10.30.
Útför **Ólafs Bjarnasonar** frá Hænuvík, Stekkum 23, Pastreksfirði, verður gerð frá Patreksfjarðarkirkju föstud. 9.5. kl. 14.00.
Pálína Pálsdóttir, Suðurvíkurvegi 10b, Vík í Mýrdal, verður jarðsungin frá Þykkvabæjarklausturskirkju laugard. 10.5. kl. 14.00.